



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Ársskýrsla 2013



Forsíðumynd: Regnbogi yfir Fjallsjökli, Snævarr Guðmundsson tók myndina.

Ritstjóri: Kristín Hermannsdóttir.

Texti: Kristín Hermannsdóttir, Snævarr Guðmundsson og Rögnvaldur Ólafsson.

Ljósmyndir: Snævarr Guðmundsson og Kristín Hermannsdóttir.

Útgefandi: Náttúrustofa Suðausturlands.

Útgáfutími: Maí 2014



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Efnisyfirlit

Formáli:	4
Skýrsla stjórnar:	5
Um stofuna:	7
Staðsetning	7
Mannauður:	8
Stiklur úr starfsemi – Verkefni	8
Aldursgreining gróðurleifa við Breiðamerkurjökul	8
Myndun jökulrennunnar undir Breiðamerkurjökli	11
Náttúrustígur við Hornafjörð.	11
Stjörnuhús á Markúsarþýfishóli við Fjánhúsavík.....	12
Landris	14
Fjárhagur:	15
Útgáfa og kynningar	16

Formáli:

Árið 2013 var fyrsta starfsár Náttúrustofu Suðausturlands, en hún hóf störf 15. júní þegar einn starfsmaður byrjaði en þann 1. júlí voru starfsmenn orðnir tveir. Árið einkenndist af því að Náttúrustofan skapaði sér sess í samfélaginu og tengdist því eins og kostur er auk þess að afla sér verkefna á sem víðustum grundvelli. Einnig var unnið að því hörðum höndum að afla fjárstyrkja í verkefni svo að starfsmenn stofunnar geti áfram verið að minnsta kosti tveir. Fóru starfsmenn stofunnar í heimsóknir á Náttúrustofu Austurlands á Neskaupsstað og Egilsstöðum auk þess að heimsækja Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri til að skapa tengsl og kynnast verkefnum sem þar eru unnin. Einnig voru haldnir fundir með fólki úr atvinnulífinu á Hornafirði og með fólki úr skólasamfélaginu á Hornafirði í sama tilgangi.

Á Náttúrustofunni er unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði rannsókna, ráðgjafar og fræðslu og má sjá nánar um nokkur þeirra í ársskýrslunni hér á eftir.

Það er von mín að þeir er skýrsluna lesa verði einhvers vísari um starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands á árinu 2013.

Kristín Hermannsdóttir
Forstöðumaður

Skýrsla stjórnar:

Náttúrustofa Suðausturlands tók til starfa sumarið 2013. Undirbúningur hafði þá staðið síðan síðla árs 2012 en þá gerðu Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur með sér samstarfssamning um stofnun og rekstur Náttúrustofu á Suðausturlandi. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til ársloka 2015 og í honum kemur fram að sveitarfélögin tvö munu stofna Náttúrustofuna og axla ábyrgð á henni til jafns að samningstímanum loknum en þessi fyrstu þrjú ár mun Sveitarfélagið Hornafjörður bera ábyrgð á rekstri náttúrustofunnar og greiða allt mótframlag til rekstursins skv. samningi við Umhverfissráðuneytið.

Samningurinn var gerður með hliðsjón af lögum um náttúrustofur nr. 60/1992 með breytingum frá 2002 og þar segir m.a. í 9. grein: „Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfa á vegum sveitarfélaga óháð kjördæmaskipan og skal um hverja stofu gera samning milli ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu.“ og í 10. grein: „Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggi samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, framlag ríkissjóðs og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.“

Í 11. grein laganna eru helstu hlutverk náttúrustofu talin upp:

- a) að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúruvar og stunda vísindalegar náttúruvannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b) að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c) að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d) að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e) að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar;

Þetta er í stórum dráttum ramminn sem Náttúrustofu Suðausturlands er settur. Í lögnum segir einnig að náttúrustofur skulu fyrir lok apríl ár hvert skila skýrslu til ráðherra um starfsemi sína næstliðið ár ásamt ársreikningi. Það er ástæðan fyrir því að stjórn Náttúrustofunnar ákvað að halda þennan ársfund og kynna þar ársskýrslu og ársreikning fyrir sveitarstjórnnum og íbúum.

Það er alllangt síðan hugmyndir um Náttúrustofu Suðausturlands voru settar fram. Í lögnum frá 1992 er gert ráð fyrir átta náttúrustofum en þær voru lengi aðeins sjö. Því var líklega þegar um síðustu aldamót farið að huga að stofnun náttúrustofu á Höfn. Til er erindisbréf nefndar frá því í júní 2004 undirritað af Albert Eymundssyni sem þá var bæjarstjóri á Höfn. Nefndin átti að gera tillögur um hvernig best væri staðið að stofnun náttúrustofu á Höfn. Málið náði ekki fram að ganga í það sinn.

Árið 2007 skrifuðu fulltrúar sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps, Kirkjubæjarstofu og Háskólaasetursins á Hornafirði skýrslu um stofnun Náttúrustofu Suðausturlands. Forsendan var þá sem nú að Náttúrustofan næði yfir sveitarfélögin tvö, Skaftárhrepp og Hornafjörð. Að skýrslunni stóðu Hjalti

Þór Vignisson sem þá var bæjarstjóri á Höfn, Jóna Sigurbjartsdóttir sem þá var oddviti Skaftárhrepps, Þorvarður Árnason forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn og Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður Kirkjubæjarstofu. Í þetta sinn munaði minnstu að tækist að stofna Náttúrustofuna. Siv Friðleifsdóttir sem þá var umhverfisráðherra studdi málið og fjárveiting var í raun orðin trygg þegar málið dó. Ástæðan um hafa verið að einhverjum úr hópi náttúrustofanna leist ekki á hvernig í tillögum hópsins var reynt að spara stjórnunarkostnað og fela stjórnun Stofunnar stofnunum sem þegar voru á Höfn og Klaustri. Hugmynd nefndarinnar var að spara þannig að hægt væri að hafa starfsmann við vísindastörf bæði í Nýheimum á Höfn og í Kirkjubæjarstofu en slíkt þótti ákaflega æskilegt til að efla svæðin.

Eins og fyrr var nefnt var það svo haustið 2012 sem málið var vakið upp aftur og náði fram að ganga. Í þeirri vinnu var stuðst við greinargerð hópsins frá 2007 nema hvað stjórnun var hagað á annan veg. Í stjórn Náttúrustofunnar voru skipuð af sveitarfélaginu Hornafirði Rögnvaldur Ólafsson sem er formaður stjórnar og Hugrún Harpa Reynisdóttir. Af Skaftárhreppi Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri á Klaustri. Varamenn þeirra eru Steingerður Hreinsdóttir, Björn Ingi Jónsson og Þórunn Júlíusdóttir. Tími stjórnar miðast við tíma sveitarstjórna og mun þessi stjórn því sitja fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar vorið 2014.

Fyrir svona stofnun er áriðandi að hafa skýr markmið. Stjórnin fjallaði á fyrstu fundum sínum um markmiðin og ákvað að þau skyldu vera umhverfismál, loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á umhverfið, m.a. á jökla og er það mjög í samræmi við niðurstöður nefndarinnar frá 2007.

Þegar stjórn hafði verið skipuð haustið 2012 var auglýst eftir forstöðumanni og bærust 8 umsóknir um starfið. Eftir að skoða þær og ræða við umsækjendur var stjórn allmikill vandi á höndum því tveir af umsækjendum þóttu mjög vel fallnir til starfa við Náttúrustofuna vegna bakgrunns síns og þekkingar á þeim málaflokkum sem ákveðið hafði verið að sinna. Fjármagn nægði hins vegar varla nema fyrir forstöðumanni. Reyndar þótti stjórninni ákaflega æskilegt að geta ráðið tvo eða fleiri starfsmenn því það hefur ekki reynst farsælt að hafa einn starfsmann hjá náttúrustofum. Þá ráðast verkefni stofunnar eingöngu af sérsviði forstöðumanns og ef hann lætur af störfum reynist gjarnan erfitt að fá annan með sama sérsviði og þá raskast samfellan í starfseminni. Vandí stjórnar var því nokkur.

Tekjur náttúrustofa eru í grófum dráttum þrens konar; framlag ríkissjóðs, framlag sveitarfélaga og sértekjur. Það tekur tíma fyrir nýja stofu að skapa sér orðstír og sértekjur. Í byrjun er ekki um sértekjur að ræða, þær koma fyrst þegar starfsemin fer af stað. Stjórnin var samt sammála um að veðja á að þessir tveir umsækjendur mundu hafa bolmagn til að afla fljótt sértekna og því mundi takast að fjármagna tvo starfsmenn. Það varð því úr að til Náttúrustofunnar voru ráðin Kristín Hermannsdóttir veðurfræðingur forstöðumaður og Snævarr Guðmundsson landfræðingur. Sérsvið þeirra féll mjög vel að þeim áherslusviðum sem Náttúrustofunni var ætlað að sinna, umhverfismálum, loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á jökla og annað umhverfi. Því fylgdi nokkur fjárhagsleg áhætta að ráða tvo starfsmenn og það var því mjög ánægjulegt þegar í ljós kom á síðustu mánuðum að þau hefðu aflað styrkja og sértekna sem tryggja að afkoma ársins 2014 verður í lagi.

Verkefni Náttúrustofunnar verða ekki rakin hér, það mun forstöðumaður gera. Hins vegar er áhugavert að benda á að þegar hafa skapast samvinnuverkefni við íbúa sveitarfélagsins Hornafjarðar, eins og t.d. við gerð náttúrustígs, við fuglahópinn á Höfn um rannsóknir á gæsum og kominn er upp stjórnukíkir sem sveitarfélagið Hornafjörður hefur stutt vel við. Það er von og trú okkar í stjórninni að gott samstarf takist með báðum sveitarfélögum og íbúum þeirra. Einnig við Vatnajökulsþjóðgarð, ferðapjónustuna og aðra þá sem vinna að málum á sviði Náttúrustofunnar. Náttúrustofan á að geta stutt við að ýmis rannsóknaverkefni á sviði umhverfismála og náttúru verði unnin heima í hérað. Slíkt

gerir samfélagið fjölbreyttara og skapar ný og annars konar atvinnutækifæri en þau sem eru algengust í sjávarbyggðum og sveitum. Einnig vonum við að gott samstarf verði við skólana og unga fólkið þannig að það fái betra tækifæri til að kynna náttúrunni og umhverfinu sínu og hvernig það er rannsakað.

Það er ánægjulegt að tókst að koma Náttúrustofunni fyrir í Nýheimum. Þar var auðveldara að koma starfseminni af stað og þar sköpuðust strax tengsl og sambönd sem nýja starfsfólkið hafði gagn af. Það að starfsemin skuli vera komin á gott skrið svona fljótt gefur góða von um að Náttúrustofan muni stækka fljótt og verða íbúum sveitarfélaganna Hornafjarðar og Skaftárhrepps til gagns og gleði.

Gert á Höfn, 10. apríl 2014, fyrir hönd stjórnar
Rögnvaldur Ólafsson

Um stofuna:

Náttúrustofa Suðausturlands er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða sem staðsett er á Hornafirði. Hún er ein af átta náttúrustofum sem starfræktar eru á Íslandi. Náttúrustofurnar hafa allar sama hlutverki að gegna en þær starfa á mismunandi landssvæðum. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands nær frá Mýrdalssandi í vestri (Blautukvís) og austur í Hvalnesskriður, en einnig vinnur stofan að verkefnum sem eru utan þess landsvæðis.

Að stofunni standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Gerður samstarfssamningur um reksturinn milli sveitarfélagana þess efnis að Sveitarfélagið Hornafjörður beri ábyrgð á rekstri náttúrustofunnar árin 2013-2015 og greiði mótframlag til rekstursins samkvæmt samningi við Umhverfissráðuneytið. Að samningstíma loknum mun Skaftárhreppur axla ábyrgð til jafns við Hornafjörð nema um annað sé samið.

Náttúrustofa heldur úti heimasíðu (natts.is) og á einnig síðu á Facebook þar sem settar eru inn upplýsingar um verkefni og viðburði. Hönnun á merki og uppsetning á heimasíðunni var í höndum Daníels Imsland.

Staðsetning



Nýheimar – Litlubrú 2, 780 Höfn Hornafirði

Náttúrustofan er staðsett í Nýheimum, Litlubrú 2 á Höfn á Háskólagangi, en í Nýheimum eru einnig Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, Búnaðarsamband Austur Skaftafellinga, Háskólasetur Hornafirði, Matís, Hornafjarðarsöfn, Austurbrú, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Ríki Vatnajökuls, Skólaskrifstofa Hornafjarðar og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Mannauður:

Starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands eru tveir.

Forstöðumaður er Kristín Hermannsdóttir Cand.scient í veðurfræði. Hennar helstu hlutverk eru daglegur rekstur, fjármálastjórn, uppbygging stofunnar m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því vinnur Kristín að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar.



Sviðsstjóri er Snævarr Guðmundsson B.S. í náttúruandfræði með jarðfræði sem aukagrein. Hann kemur að ýmsum verkefnum náttúrustofunnar, einkum þó stjórnuathugunum, kortagerð og jöklarannsóknunum.

Stjórn stofunnar er skipuð þremur mönnum, tveimur af Sveitarfélaginu Hornafirði og einn af Skaftárhreppi. Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn og skal kjör stjórnar jafnan fara fram í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna. Fyrsta stjórn Náttúrustofu Suðausturlands ses. Skal kosin á stofnfundi og er kjörtímabil hennar til loka kjörtímabils sveitarstjórna í júní 2014.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu formaður, varaformaður og ritari.

Núverandi stjórn er þannig skipuð: Dr. Rögnvaldur Ólafsson, dósent við eðlisfræðiskor HÍ, stjórnarformaður, Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps og Hugrún Harpa Reynisdóttir B.A. í félagsfræði og leikskólaleiðbeinandi. Varamenn eru: Björn Ingi Jónsson Hornafirði, Steingerður Hreinsdóttir Selfossi og Þórunn Júlíusdóttir Kirkjubæjarklaustri.

Árið 2013 fundaði stjórnin fimm sinnum.

Stiklur úr starfsemi – Verkefni

Aldursgreining gróðurleifa við Breiðamerkurjökul - Sumarið 2012 fannst setlag með gróðurleifum í jökulaur framan við Breiðamerkurjökul. Setlagaopnan er kominn undan jökli fyrir nokkrum árum og er óhögguð, það er hún situr á sínum upprunalega myndunarstað. Jökullinn skreið yfir þetta svæði fyrir árið 1700 en ofanálíggjandi jökulaur varði setlagið fyrir hnjaski. Í setlaginu fundust rótarbútar og aðrar lífrænar leifar sem gera kleift að aldursgreina myndunartíma setsins. Gróðurleifar og jarðvegshnausar hafa áður borist undan jöklum en sjaldnast fundist á myndunarstað. Þessi einstaki fundur gefur því tækifæri til þess að rannsaka enn frekar og fá skýrari mynd af gróðurfarsögu og loftslagi á Breiðamerkursandi löngu fyrir Litlu ísöld. Það er mikilvægt innlegg í sögu umhverfisbreytinga á Breiðamerkursandi og Vatnajökulspjóðsgarðs. Tekin voru 11 sýni af gróðurleifum og verða þau aldursgreind árið 2014 og útbúin skýrsla um verkefnið. Að þessu verkefni vinna: Snævarr Guðmundsson náttúruandfræðingur, Helgi Björnsson jöklafræðingur og Þóra Ellen

Þórhallsdóttir grasfræðingur, Náttúrustofa Suðausturlands og Jöklahópur Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Styrkur í þetta verkefni fékkst frá Kvískerjasjóði.



Snævarr Guðmundsson grefur eftir gróðurleifum á Breiðamerkursandi síðsumars 2013.



Jarðlög á Breiðamerkursandi, nærri þeim stað sem einar gróðurleifarnar fundust.



Póra Ellen Þórhallsdóttir grasafraeðingur heldur hér á gróðurleifum á Breiðamerkursandi, en þær verða aldursgreindar árið 2014.



Vaðið yfir Veðurá, að loknum gróðurleifafundi á Breiðamerkursandi haustið 2013. Vala Helgadóttir, Póra Ellen Þórhallsdóttir og Kristín Hermannsdóttir.

Myndun jökulrennunnar undir Breiðamerkurjökli - Hvenær og hvernig myndaðist jökulrennan sem Breiðamerkurjökull hvílir í? Er myndun hennar lokið? Jökulsárlón tók að myndast um 1930 við hop Breiðamerkurjökuls en íssjármælingar á síðasta áratug 20. aldar leiddu í ljós 300 m djúpa og 25 km langa rennu sem nær langleiðina upp í Esjufjöll. Botn Breiðamerkurjökuls hvílir í þessari rennu og við áframhaldandi hop jökulsins mun Jökulsárlón stækka. Tvær hugmyndir eru um myndun rennunnar; a) jökullinn hafi rofið hana á Litlu ísöld þegar hann skreið fram eða b) rennan myndaðist að mestu eftir að hlýna tók í lok 19. aldar og leysingarvatn tók að grafa hana út. Unnt er að skera úr um hvor tilgátan stenst með úrvinnslu á mæligögnum um yfirborðshæð Breiðamerkurjökuls, frá fyrsta áratug 20. aldar og samanburði við seinni tíma mælingar. Að þessu verkefni vinna: Snævarr Guðmundsson náttúrufræðingur, Helgi Björnsson jöklafræðingur, Náttúrustofa Suðausturlands og Jöklahópur Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Styrkur í þetta verkefni fékkst frá Kvískerjasjóði.

Náttúrustígur við Hornafjörð – Við göngustíg sem liggur vestanmegin við byggðina á Höfn í Hornafirði er ætlunin að koma fyrir upplýsingum um náttúruna í víðu samhengi. Frá stígnum er frábært útsýni til jökla og suðausturhluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Fyrsta skrefið er að koma fyrir líkani að sólkerfinu í réttum hlutföllum, hvað varðar stærð og fjarlægðir og með samstarfi við skóla og áhugasama má gera stígninn að fróðleiksstíg allt frá himingeimnum (sólkerfinu) til jökla, jarðfræði og flóru svæðisins til þess að undirstinga samhengi þess stóra og smáa. Út frá líkani af sólkerfinu gerir fólk sér frekar grein fyrir smæð jarðarinnar, smæð Íslands og okkar sjálfra. Jörðin er eini staðurinn í okkar sólkerfi þar sem líf þrífst svo þurfum að fara vel með náttúruna, allt umhverfið og jörðina í heild sinni. Á árinu 2013 var unnið að undirbúningi og sótt um styrk í verkefnið hjá Vinum Vatnajökuls og fyrir gerð bæklings um sólkerfið við náttúrustígninn í Atvinnu- og rannsóknarsjóð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Mynd sem sýnir legu Náttúrustígsins á Höfn frá Óslandi að Silfurnesgolfvelli.



Líkan af reikistjörnunum sem settar verða upp við Náttúrustíginn.



Gönguferð á Náttúrustígnum í óvissuferð á vegum Ríkis Vatnajökuls haustið 2013

Stjörnuhús á Markúsarþýfishóli við Fjánhúsavík – Eitt af verkefnum sem Náttúrustofa mun sinna á vetrarmánuðum næstu árin er vöktun á svonefndum breytistjörnum. Það eru stjörnur sem breyta birtu af eðlisbundnum orsökum, og svonefndum fjarreikistjörnum. Ljósælingar á breytilegum birtustyrk eru bornar saman við reiknaða spátíma myrkvastjarna (ein gerð breytistjarna) eða spátíma á þvergöngum fjarreikistjarna. Þessi gerð stjarnælinga eru nefndar O-C mælingar.

Til þess að sinna vöktuninni hefur verið komið upp stjörnuathugunaraðstöðu nærri Fjánhúsavík og settur upp 30 sm stjörnusjónauki til ljósælinga. Unnið var að byggingu hússins í samvinnu við starfsmenn Áhaldahúss Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Síðustu 25 ár hefur starfsmaður Náttúrustofu

Suðausturlands stundað stjörnuathuganir og undanfarin 10 ár slíkar rannsóknir á breytistjörnum og nú síðast fjarreikistjörnum. Slíkar mælingar eru afar vandasamar og krefjast fastrar aðstöðu.

Þekking og fræðsla um stjörnur og stjarnvísindi verða innlegg í skólalastarfið á næstu árum. Þar má nefna að nemendur í skólunum kynnast þessum hluta náttúrunnar enn nánar með eigin augum og á degi íslenskrar náttúru var opið í stjörnuver á vegum náttúrustofu í Nýheimum. Stefnt er að því að leyfa áhugasömum Hornfirðingum að njóta góðs af aðstöðunni í Fjánhúsavík, enda verður blásið til stjörnuskoðunar á milli rannsóknaverkefna bæði fyrir áhugamenn og skólafólk. Sótt var um styrk vegna rannsókna í stjörnuhúsinu til Atvinnu- og rannsóknarsjóðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Stjörnuverið á degi íslenskrar náttúru, en þar gátu nemendur og almenningur fengið fræðslu um himingeiminn.



Snævarr Guðmundsson og Kristín Hermannsdóttir fyrir utan stjörnuhúsið á Markúsarþýfishóli við Fjánhúsavík.



Snævarr Guðmundsson við stjörnuvíkinginn í stjörnuhúsinu.

Landris – Seint á árinu 2013 var útbúin merking á Leiðarhöfða til að fylgjast með landrisi. „Talið er að Vatnajökull hverfi alfarið á næstu tvö hundruð árum og við það breytast farvegir jökuláa, ný stöðuvötn myndast og land rís nærri jöklinum, um tvo til þrjú sentimetra á ári. Vaxtarhraðinn er sambærilegur við þann hraða sem neglur á mannfólki vaxa á. Hverfi Vatnajökull alfarið, gæti land risið um sem nemur tugum metra við jökuljarðarinn“ segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands í viðtali á RÚV haustið 2013. Þetta myndi þó gerast á nokkrum árhundruðum. Landið rís hægar eftir því sem fjær dregur jöklinum. Við Höfn í Hornafirði er hraðinn til að mynda um 9-15 millimetrar á ári. Af þessum sökum var sett merking á Leiðarhöfða til að fylgjast með landrisinu og er ætlunin að koma upp skilti með skýringum í framtíðinni.




Snævarr Guðmundsson við Leiðarhöfða, þar sem koma á upp merki til að mæla landris.


Fjárhagur:

Bókhaldsstofan ehf Hornafirði annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðun, reikningsskil og skattskil fyrir Náttúrustofu Suðausturlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2013 námu heildarrekstrartekjur 23,2 millj. króna. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð um 11,8 millj. króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé stofunnar, en þess ber að geta að stofan var einungis starfrækt hálf t. árið. Í árslok námu eignir Náttúrustofunnar 15 millj. kr. og bókfært eigið fé var 12,8 millj. kr. Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi sem birtur er í sérstakri skýrslu.



Yfirlitsmynd sem sýnir hlutfallslega skiptingu tekna Náttúrustofu Suðausturlands 2013



Yfirlitsmynd sem sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda Náttúrustofu Suðausturlands 2013

Útgáfa og kynningar

Vefsíða Náttúrustofu Suðausturlands í loftið í byrjun október og einnig var sett af stað Facebook síða fyrir náttúrustofu í byrjun nóvember.

Kristín Hermannsdóttir og Snævarr Guðmundsson: Kynning haldin um starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands á Náttúrustofuþingi í Reykjavík 7.nóvember 2013.

Snævarr Guðmundsson: Óvissuferð með þátttakendum á ráðstefnu um ferðamál á Höfn þann 1. nóvember þar sem kynnt var væntanlegt líkan af sólkerfinu við göngustíg á Höfn.

Snævarr Guðmundsson: Kynning haldin 13. desember í Nýheimum um stjörnuathugunarstöð við Höfn.

Snævarr Guðmundsson ásamt fleirum: Skýrsla um myrkurgæði á Íslandi. Unnið af starfshópi á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Formaður nefndar var Mörður Árnason. Skýrslan kom út í október 2013 og samtímis var haldið málþing um myrkurgæði og ljósmengun.



Öskumistur á Mýrdalssandi – Snævarr Guðmundsson tók myndina.



NÁTTÚRUSTOFA
SUDAUSTURLANDS

Skrifstofa

Litlubrú 2

780 Höfn í Hornafirði

Sími: 470 8060 / 470 8061

Heimasíða: www.nattsa.is

Netfang: info@nattsa.is